

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 2. tbl. 13. árg

Október og nóvember 2023

Komið þið sæll!

Þá er skólaárið 2023-2024 farið af stað og gengur vel í Glerárskóla. Framkvæmdir við A-álmu skólans ganga vel og enn höldum við í þá von að geta flutt inn í nýja álmu á vorönninni.



Starfið gengur vel á báðum starfsstöðvum, í Glerárskóla og í Rósenborg, enda erum við öll ein heild og vinnum sem eitt teymi. Nemendur eru duglegir og verða fróðari með hverjum deginum.

Glerárskóli leggur sem endranær mikla áherslu á faglega þáttinn í skólastarfinu. Eins og áður hefur verið greint frá verður leiðsagnarnám efst á baugi í skólanum á þessu skólaári en í samvinnu við grunnskólana á Akureyri og Nönnu Kristínu Christiansen leggjum við inn á þekkingarbraut til að efla fjölbreytni í kennsluháttum samkvæmt Menntastefnu Akureyrarbæjar og bætum leiðsagnarnámi inn í flóru skólans. Með því eflum við þátttöku nemenda í meðvitund og ábyrgð á eigin námi sem er einnig hluti af Menntastefnu Akureyrarbæjar og stefnu skólans.

Með jákvæðum aga leggjum við grunn fyrir nemendur til að taka ábyrgð á eigin lífi og gjörðum, leita lausna á verkefnum sem upp koma í lífi þeirra og sýna umhyggju og kærleika gagnvart öðrum.

Glerárskóli er líka Grænfánaskóli og vonast til að forráðamenn taki virkan þátt í umhverfismálum með okkur, umgengni, flokkun og endurnýtingu.

Við höldum nú keik áfram veginn og eflum anda og sál með þemadögum sem gefa nemendum annars konar sýn á skólastarf en á hefðbundnum degi enda hluti af fjölbreyttri flóru kennsluhátta.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Tómasi og Hrafnhildi

Skipulagsdagur og þemadagar í október 2023

Miðvikudaginn 4. október verður skipulagsdagur (á morgun) í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í fríi og Frístund er lokuð.

Fimmtudaginn 5. október og föstudaginn 6. október eru þemadagar í skólanum þar sem nemendum er skipt upp í þrjá hópa, 1. - 3. bekk, 4. - 6. bekk og 7. - 9. bekk en 10. bekkingar aðstoðar á stöðvunum þar sem unnin eru ýmis verkefni í anda Harry Potter og hans ævintýraheims. Lokahátíð verður á föstudeginum og gaman verður að sjá hvaða „heimavist“ vinnur keppnina um, dugnað, þrautseigju, samvinnu, samkennd og virðingu fyrir öðrum, en það eru þeir þættir sem skipta hvað mestu máli í samfélaginu okkar.

Þessir tveir dagar eru venjulegir skóladagar hvað varðar tímasetningar.



Umferðin í skammdeginu - myrkur, bílar, börn

Nú er skammdegið óðum að hellast yfir okkur og ljósaskiptin geta verið varasöm í umferðinni þegar börnin okkar eru á leiðinni til og frá skóla. Það dimmir skjótt á kvöldin, bráðlega verður rökkvað á morgnana þegar börnin okkar arka af stað í skólann, gangandi og hjólandi. Við brýnum fyrir forráðamönnum að gæta þess að hjól barna séu vel búin og ljósabúnaður í góðu lagi auk þess sem allir eru hvattir til að setja endurskinsmerki á töskur og fót barnanna. Verum árvökul og höfum augun hjá okkur. Eitt slys er einu slysi of mikið.



Minum alla á að nýta sleppisvæðið til að hleypa nemendum út eða inn í bíla en nota ekki bílastæðið til þess þar sem það getur verið mjög hættulegt.

Bendum síðan á reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum sem finna má á heimasíðu skólans.

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2020/10/Reglur-Gler%C3%A1rsk%C3%B3la-um-farart%C3%A6ki-%C3%A1-hj%C3%B3lum-2020.pdf>


Útivistartími barna og unglunga

Útivistartími barna og unglunga:

Við hvetjum alla forráðamenn til að fara að reglum um útivistartíma barna sem er eftirfarandi:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00



Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.

Svefn barna - til upprifjunar


Svefn barna á skólaaldri:

Rannsóknir sýna að börnin okkar þurfa góðan svefn til að vaxa og dafna.

Eðlilegur svefntími barna á skólaaldri er frá **8-11 klukkustundir á sólarhring**

Það skiptir því miklu máli að börnin okkar fari að sofa fyrir klukkan 10:00 á kvöldin svo þau nái þeirri hvíld sem talin er nauðsynleg.

Hér koma upplýsingar um nokkrar síður sem fjalla um svefn barna og eru fengnar hjá Nönnu Ýr sem hélt fyrirlestur fyrir Foreldrafélag skólans á síðasta ári.



•Fræðsluefni um svefn barna á Heilsuveru

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/svefn-og-hvild/svefn-og-uppeldi/6-12-ara/>

•Hugræn atferlismeðferð á netinu við svefnerfiðleikum fullorðinna, www.betrisvefn.is

•Embætti landlæknis, þar sem sjá má aðgeraráætlun er varðar vitundarvakningu gagnvart svefni, www.landlaeknir.is/sofumbetur

•Heilsuhegðun ungra Íslendinga – þarna voru m.a. gerðar hlutlægar mælingar á svefni unglunga, <https://heilsuhegdun.hi.is/>

•Heilsuhegðun ungra Íslendinga – hlaðvarp, <https://heilsuhegdun.hi.is/hladvarp/>

Ábyrgð og skyldur

Stjórnendur Glerárskóla vilja benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/17942>


Sem forráðamönnum berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið.

Nemendaráð á fullri ferð

Nemendaráð Glerárskóla er nú komið á fulla ferð í skipulagningu og hafa verið ákveðnir eftirfarandi dagar á þeirra vegum:

20. október - bleikur dagur.
31. október - búningadagur.
19. desember - jólaþeysu og/eða jólahúfudagur
30. janúar - blár dagur
22. febrúar - náttfatadagur
21. mars - litríkir, skræpóttir sokkar, downsdagur
12. apríl - íþróttatreyjudagur
17. maí - hattadagur

Nemendaráð hefur einnig hendur í bagga með nokkrum böllum yfir skólaárið. Þar má til að mynda nefna Rósaballið fræga sem að þessu sinni verður haldið fimmtudaginn 19. október næstkomandi.




Haustfrí, skipulagsdagur og viðtalsdagur

Mánudaginn og þriðjudaginn 23. og 24. október er haustfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Miðvikudaginn 25. október er **skipulagsdagur** í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í frí en Frístund er opin frá 8:00 - 16:15 fyrir skráða nemendur.

Fimmtudaginn 26. október er **viðtalsdagur** í Glerárskóla, nemendur og forráðamenn heimsækja umsjónarkennara og taka stöðuna á námi og líðan barnanna í skólanum.

Skráning á viðtalsdag hefst mánudaginn 9. október fyrir systkini í skólanum. Miðvikudaginn 11. október opnar síðan skráning fyrir alla og henni lýkur miðvikudaginn 18. október. Leiðbeiningar um skráningu verða sendar til allra í tölvupósti þegar nær dregur.



Að loknum viðtalsdegi hefst skóli samkvæmt stundatöflu, föstudaginn 27. október 2023.

*„Lítið er ungs manns gaman!”
Íslenskur málsháttur*

Helstu atburðir í ágúst og september 2022


Október 2023	
4. október	Skipulagsdagur - Skólafrí og Frístund lokuð

5. og 6. október	Þemadagar
19. október	Rósaball nemendaráðs
23. og 24. október	Haustfrí grunnskóla Akureyrarbæjar
25. október	Skipulagsdagur - Skólafrí en Frístund opin
26. október	Viðtalsdagur - Frístund opin
30. október - 2. nóvember	7. bekkur í skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði
Nóvember 2023	
8. nóvember	Baráttudagur gegn einelti
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
20. nóvember	Dagur mannréttinda barna

*„Af góðum hug koma góð ráð!“
Höf. óþekktur*

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.



Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í **1-2 daga** þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.**

Ef um **3 daga** eða lengri leyfi er að ræða þarf að **sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.**

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minnum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. **Athugið að skrá/tilkynna þarf veikindi daglega.**



*„Bragð er að þá barnið finnur!“
Íslenskur málsháttur*

Rýmingaræfingar

Síðustu tvær vikur voru haldnar rýmingaræfingar í Glerárskóla og Rósenborg. Æfingarnar tókust afar vel og eins og á undanförunum árum lærum við alltaf eitthvað nýtt um það sem betur má fara. Nemendur eiga hrós skilið fyrir hversu ábyrgðarfullir þeir voru á æfingunum.



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

